RÁÐHÚS, BORGARBRAUT 14
310 BORGARNES
SÍMI 433 7100; FAX 433 7101
WWW.BORGARBYGGD.IS
BORGARBYGGD@BORGARBYGGD.IS

BORGARBYGGÐ

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 141/1458*
*komudagur 11.2.2013*

**Borgarnes 11.02.2013**

**Til** Nefndarsviðs Alþingis

**Frá** Björgu Gunnarsdóttur,
umhverfis- og landbúnaðarfulltrúa Borgarbyggðar.

**Efni:** Umsögn umhverfis- og skipulagsnefndar Borgarbyggðar um mál nr. 429, frumvarp til laga um náttúruvernd.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Borgarbyggðar tók frumvarpið fyrir á fyrsta fundi sínum eftir áramót, þann 11. febrúar 2013 og veitir eftirfarandi umsögn.

Fyrirliggjandi frumvarp um náttúruvernd er að ýmsu leiti til bóta. Umhverfis- og skipulagsnefnd Borgarbyggðar hefur þó áhyggjur af því hversu mikið vald yfir öllu því er sýslað er í dreifbýli er sett í hendur stofnana í Reykjavík. Nefndin hvetur löggjafann til að auka og skýra hlutverk umdæmislandvarða, náttúrustofa og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga í stjórnsýslu umhverfismála. Jafnframt hvetur nefndin til þess að tryggt sé að gætt sé meðalhófs og ákvæði laganna leggi ekki óþarfa kostnað á atvinnuvegi dreifbýlisins og hamli ekki framförum í landbúnaði nema ljóst sé að brýn nauðsyn krefjist þess.

Virðingarfyllst

Björg Gunnarsdóttir

UMHVERFISFULLTRÚI
BORGARBYGGÐAR